



Höfn í Hornafirði, 21. febrúar 2019

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. 149. löggjafarþing, 136.

Stjórn Ungmennasambandsins Úlfljóts, USÚ, fagnar framkomnu frumvarpi og telur það mikið framfaraspur fyrir rekstur félagasamtaka til almannaheilla, þar með talið íþrótt- og ungmennafélaga.

Vissulega má benda á að fjöldamörg félög um allt land, þar með talið á sambandsvæði USÚ, eru með starfsemi í íþróttamannvirkjum sem sveitarfélög hafa byggt og reka. Okkur sýnist þetta frumvarp ekki koma til með að hafa áhrif á slík verkefni.

Frumvarpið er ekki gallalaust og það er ýmislegt sem við teljum að skoða þurfi betur. Það þarf t.d. að skoða betur samband uppbyggingar íþróttahúss fyrir skóla og íþróttahúss fyrir félag, þar sem þetta er oft sama húsið. Í mörgum tilfellum eru sveitarfélögin að byggja íþróttahús fyrir skóla og vilja svo bæta við og stækka húsnæðið til að uppfylla þarfir íþróttafélaga sem starfa á svæðinu. Hvernig á þá að skilgreina það sem er byggt upp fyrir skóla samkvæmt lögbundnu hlutverki sveitarfélaga og svo það sem er í rauninni bætt við fyrir íþróttafélagið, auk notkunar hússins eftir að skóla lýkur. Þetta á sérstaklega við um íþróttafélög út á landi þar sem íbúafjöldinn býður ekki upp á mörg íþróttahús í sama byggðarlagi.

Þrátt fyrir það teljum við þetta mjög til bóta frá því sem verið hefur og teljum 7. grein sérstaklega mikilvæga, þar sem talað er um að endurgreiðsla sé óháð því hvort félagasamtökin hafa fengið styrk frá sveitarfélagi eða öðrum aðila til framkvæmdarinnar.

Það þarf einnig að skoða skilgreiningu á félagasamtökum sem eru til almannaheilla. Það þarf að skoða hvaða félög uppfylla skilyrðin og hvernig þau fá þá staðfestingu.

Mikilvægi íþrótt- og ungmennafélaga í forvarna- og æskulýðsstarfi og við eflingu lýðheilsu er óumdeilt. Með tilliti til þess, og ofangreindra athugasemda, skorar Ungmennasambandið Úlfljótur á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, að veita frumvarpinu brautargengi á Alþingi, íþróttahreyfingunni allri til heilla.

Virðingarfyllt

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Kristján Örn Ebenezer, ritari USÚ

Lárus Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Umf. Sindra